

Allsherjarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík.

Akureyri 28. nóv. 2005


**Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál, skráning upplýsinga um einstaklinga og hluti, EES-reglur.**

Með bréfi dags. 14. nóvember 2005 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarpið. Eftirfarandi er umsögn stofnunar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Starfsfólki Jafnréttisstofu er það mikil ánægja að beðið sé um umsögn á þessum málaflokki, enda er nauðsynlegt að flétta sjónarhorn kynjajafnréttis inn í alla ákvarðanatöku.

Ljóst er að ástæður karla og kvenna til flutninga milli landa eru oft mjög ólíkar, og mun líklegra er að konur séu fórnarlömb mansals en karlar. Stofan vill því leggja áherslu á að upplýsingakerfi eins og þetta þarf að nýtast í baráttunni gegn mansali á konum og börnum sem er vandamál út um allan heim. Reynslan sýnir að þar er Ísland engin undantekning.

Virðingarfyllt,

  
Margrét Marja Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri